

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. janúar 2010 02-2009121296
T-ums 07/10


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins - 278. mál, þskj. 322.

Ríkisskattstjóri hefur þann 28. desember 2009 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins - 278. mál, þskj. 322.


Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins sbr. 277. mál, þskj. 321. Í því frumvarpi eru efnisákvæði þjónustutílskipunar Evrópusambandsins innleidd. Ríkisskattstjóri hefur með umsögn dagsettri í dag komið á framfæri athugasemdum vegna þingmáls 277. Með því frumvarpi sem hér er til umsagnar eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að tryggja að leyfisferlar og skilyrði vegna leyfa séu í samræmi við áður greinda tílskipun.

Að framangreindu virtu telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Skúli Eggert Þórðarson



Guðrun J. Jónsdóttir